# ✉ Re: Deiliskipulag athafna- og iðnaðarsvæðis við Iðjubraut í Búðardal - til umsagnar

| | |
|---|---|
| Búið til | 12.8.2020 14:58:26 |
| Höfundur | Trausti Baldursson |
| Sent | 12.8.2020 14:58:26 |
| Tilheyrir | 202007-0002 - Tillaga að deiliskipulagi fyrir athafna- og iðnaðarsvæði í Búðardal í Dalabyggð |

---

## Efni

| |
|---|
| Re: Deiliskipulag athafna- og iðnaðarsvæðis við Iðjubraut í Búðardal - til umsagnar |

## Upplýsingar / Vinnsla

| Upplýsingar | | Vinnsla | |
|---|---|---|---|
| Sent | 12.8.2020 14:58:26 | Staða | Imported |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt | | |
| Lykilorð | | | |

## Þátttakendur

| | |
|---|---|
| Frá | Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is) |
| Til | skipulag@dalir.is |

## Innihald

Tilvísun í málsnr. 202007-0002

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Dalabyggð, dags. 2. júlí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir athafna- og iðnaðarsvæði í Búðardal, Dalabyggð.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir deiliskipulagið m.t.t. hlutverks stofnunarinnar. Um er að ræða deiliskipulag fyrir athafna- og iðnaðarsvæði sem er á samþykktu aðalskipulagi innan afmarkaðs þéttbýlis fyrir Búðardal. Með hliðsjón af staðsetningu og umfangi skipulagsins gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugsemd við það. Náttúrufræðistofnun vill benda á umrætt land er nokkuð vel gróið og því ástæða til að raska því eins lítið og mögulegt er og eðlilegt að miða framkvæmdir og rask við þörf hverju sinni.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær

Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (mailto:trausti@ni.is)

---

**From:** "Þórður Már Sigfússon" <skipulag@dalir.is>
**To:** "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>
**CC:**
**Subject:** Deiliskipulag athafna- og iðnaðarsvæðis við Iðjubraut í Búðardal - til umsagnar
**Date:** 2.7.2020 14:01:22

**Náttúrufræðistofnun Íslands**

**Urriðarholtsstræti 6-8**

**210 Garðabæ**

Góðan dag,

óskað er eftir umsögn frá Náttúrufræðistofnun Íslands vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir athafna- og iðnaðarsvæði í Búðardal í Dalabyggð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir atvinnusvæði við Iðjubraut í norðurjaðri byggðarinnar, austan Vesturbrautar. Landnotkun á svæðinu skv. gildandi aðalskipulagi Dalabyggðar er athafna- og iðnaðarsvæði og fellur nýtt deiliskipulag undir þá skilgreiningu.

Skipulagssvæðið er um 3,5 ha að stærð og mun það samanstanda af 15 lóðum frá um 650 $m^2$ til 3.100 $m^2$ að stærð.

Tillagan er sett fram á uppdrætti dags. 11.06.2020 og umhverfisskýrslu dags. 16.06.2020.

Umsögnum má skila til skrifstofu Dalabyggðar í stjórnsýsluhúsinu að Miðbraut 11 Búðardal, eða á netfang embættis skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins: skipulag@dalir.is (mailto:skipulag@dalir.is) fyrir 14. ágúst 2020 – merkt „Iðjubraut-deiliskipulag“.

Mbk,

**Þórður Már Sigfússon**

Skipulagsfulltrúi hjá Dalabyggð, Strandabyggð, Reykhólahreppi, Kaldrananeshreppi og Árneshreppi

Netfang / email: skipulag@dalir.is (mailto:skipulag@dalir.is)

## Viðhengi

| |
|---|
| image001.gif (2 KB) |
| image001.gif (2 KB) |